



Fundargerð hreppsnefndar 22. nóvember 2012

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 22. nóv. 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Bárður Jónasson, Björn G. Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Kristján E. Guðjónsson og Hafþór Róbertsson. Einnig mættur Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 1. nóv. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 1. nóv. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 6. nóv. sl.
Lögð fram fundargerð atvinnumálanefndar frá 6. nóv. sl.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. mál. Stjórnar og aðalfundur Skipphólma frá 19. nóv. sl.
Lagðar fram til kynningar fundargerðir Stjórnar -og aðalfundar Skipphólma frá 19. nóv. sl.
Á aðalfundinum var samþykkt að í stjórn félagsins verði sem aðalmenn Þórunn Egilsdóttir, Sigríður Konráðsdóttir og Gurðrún Anna Guðnadóttir. Jafnframt að í varastjórn yrðu Bárður Jónasson og Eyjólfur Sigurðsson

4. mál. Stjórnar og aðalfundur Arnarvatns frá 19. nóv. sl.
Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar- og aðalfundar Arnarvatns frá 19. nóv. sl.
Á aðalfundinum var samþykkt að í aðalstjórn félagsins yrðu Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson og Bárður Jónasson og til vara yrðu Þórunn Egilsdóttir og Sigríður Konráðsdóttir.
Undir 2. tl. fundargerðar aðalfundarins, var óskað eftir smá leiðréttingu vegna könnunar á því að breyta úr olúkyndingu yfir í rafmagn á hotel Tanga. Var sú ósk tekin til greina.

5. mál Sundabúð, legudeild.

-Staða mála-

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi, sem hann ásamt fulltrúa KPMG áttu í Velferðarráðuneytinu 12. nóv. sl., þar sem farið var yfir möguleika á því að Vopnafjarðarhreppur myndi yfirtaka rekstur Sundabúðar af ríkinu. Á fundinum var farið yfir kostnaðartölur vegna rekstursins fyrir síðustu ár og áætlaðan kostnað vegna ársins 2012.

Niðurstað fundarins var sú að fulltrúar Velferðarráðuneytisins myndu vinna drög að samningi vegna þessarar yfirtöku, sem yrði grunnur að endanlegri samningsgerð. Drög þessi hafa ekki enn séð dagsins ljós, en samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er verið að leggja lokahönd á þau.

Mikilvægt er að ljúka þessu verki sem fyrst þannig að nægjanlegar fjárveitingar fái til rekstursins á fjárlögum 2013. Ennfremur þarf að huga vel að margvíslegum atriðum við yfirfærsluna þ.a. hún gangi sem best fyrir sig.

Samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að vinna áfram að málinu.

6. mál. Tillögur að álagningareglum fasteignagjalda Vopnafjarðarhrepps árið 2013.

Lagðar fram svofelldar tillögur að álagningu fasteignagjalda, sem einnig höfðu verið til umfjöllunar á fundi hreppsnefndar 1. nóv. sl.:

„Álagningarreglur fasteignagjalda hjá Vopnafjarðarhreppi fyrir árið 2013

Álagning fasteignagjalda 2013 verður ákveðin með eftirfarandi hætti.

I. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að fasteignagjöld fyrir árið 2012 verði lögð á sem hér segir:

a) Fasteignaskattur á :

- 1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. 0,55 % af heildarfasteignamati
- 2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. 1,65 % af heildarfasteignamati
- 3) Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn 1,32 % af heildarfasteignamati

b) Vatnsgjald og holræsagjald:

1. Vatnsgjald nemi 0,3 % af fasteignamati húss.

· Aukavatnsgjald skv. mæli verði kr. 35 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. Holræsagjald nemi 0,2 % af heildarfasteignamati.

c) Lóðarleiga

Lóðarleiga verði 2,0 % af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

Gjalddagar fasteignagjalda 2012 verða 8 og verða þeir 15. febrúar 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst og 15. september. Eindagi verði 30 dögum síðar.

Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru lágar er þeim ekki dreift á átta gjaldaga, heldur færri.

Hreppsnefnd heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2012 skv. skattframtali 2013:

a) Einstaklingar

Brúttótekjur 2012 allt að kr. 2.358.088

100% niðurfelling

Brúttótekjur 2012 allt að kr. 3.267.099

50 % niðurfelling

b) Hjón:

Brúttótekjur 2012 allt að kr. 3.494.743

100 % niðurfelling

Brúttótekjur 2012 allt að kr. 3.893.517

50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna (hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli áranna 2012 og 2013 hefur hreppsnefnd heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

II. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2012. Hvort gjald um sig skal vera kr. 10.500 á íbúð eða samtals 21.000 Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Um gjöld að öðru leyti fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs á Vopnafirði fer samkvæmt samþykktum og gjaldskrá sem Vopnafjarðarhreppur hefur sett sér og tóku gildi á árinu 2011. Gögn þessi má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.“

Sveitarstjóri gerði grein fyrir tillögnum og lagði til að þær yrðu samþykktar.

Eftir umræður voru fyrirleggjandi tillögur samþykktar samhljóða með 7 atkvæðum.

7. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A-og B-hluta.
-Síðari umræða-

Fjárhagsáætlun A - og B- hluta fyrir árið 2013 var tekin til fyrri umræðu 1. nóv. sl. Milli umræðna hafa verið haldnir vinnufundir um fjárhagsáætlunina, sem allir hreppsnefndarmenn hafa tekið þátt í. Vonast er til þess að fyrir tilstilli þessarar vinnu verði fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 betri og nákvæmari en hún ella hefði orðið.

Sveitarstjóri lagði fram breytingartillögur, sem gerðar hafa verið milli umræðna á frumvarpi til fjárhagsáætlunar. Skýrði hann breytingarnar og lagði síðan fram nýtt málaflökkayfirlit eftir breytingar, rekstrarreikning samstæðunnar, sjóðsstreymi og efnahagsreikning. Ennfremur voru lagðar fram nýjar sundurliðanir á fjárhagsáætlun. Öll þessi gögn taka mið af þeim breytingartillögum, sem unnar hafa verið milli umræðna. Jafnframt lagði sveitarstjóri fram greinargerð sína með fyrirliggjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2013.

Í henni segir meðal annars:

Að ráðgert sé að allir sjóðir í A -og B- hluta verði samtals gerðir upp með 108,2 m. kr. hagnaði á árinu 2013. Í sjóðstreymi kemur í ljós að þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta, söluhagnaðar og annarra reiknaðra stærða að veltufé frá rekstri verður 171,8 m. kr. Engar breytingar eru áætlaðar á skammtímalíðum. Handbært fé frá rekstri er því 171,8 m.kr., sama fjárhæð og veltufé frá rekstri.

Fjárfestingar eru áætlaðar 153,0 m.kr. og afborganir lána eru áætlaðar 50,8 m.kr. Handbært fé lækkar því um 32,0 m.kr.

Handbært fé í ársbyrjun er 185,7 m.kr. og verður því 153,7 m.kr. í árslok. Engin ný lán eru tekin á árinu 2013.

Í ársreikningi 2011 voru skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins 114,5 % af heildartekjum, sem er vel undir þeim viðmiðunarmörkum sem sveitarfélögum eru sett í nýjum sveitarstjórnarlögum, en þar er miðað við að þetta hlutfall megi helst ekki fara yfir 150 % markið. Mörg sveitarfélög eru langt yfir þessu marki og í nýju sveitarstjórnarlögunum er gefinn 10 ára aðlögunartími fyrir sveitarfélögin að ná því að fara niður í eða niður fyrir þetta mark.

Hér er gengið mun hraðar til verks og er áætlað að á árinu 2012 verði þetta hlutfall komið í 108,4 % og lækki síðan í 93,2 % 2013 samkvæmt fjárhagsáætlun þess árs.

Árangur af þessu tagi gefur sveitarfélaginu verulegt andrými inn í framtíðina til þess að sinna skyldum sínum vel og sjá til þess byggja upp og viðhalda mannvirkjum sveitarfélagsins með ásættanlegum hætti án þess að taka lán. Stefna sú sem sett er fram í áætluninni mun til lengri tíma lítið skila betri og meiri þjónustu til íbúanna en áður hefur verið unnt að veita. Gleðilegt er að geta nýtt fjármuni sem áður fóru í fjármagnskostnað til þess að byggja upp betri þjónustu við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu.

Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2013 yrði samþykkt að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna og breytinga, sem kynntar voru á fundinum.

Talsverðar umræður urðu um fyrirliggjandi gögn og svaraði sveitarstjóri fyrirspurnum fundarmanna.

Fram kom svofelld tillaga frá fulltrúum minnihlutans: „ Við leggjum til að frestað verði um eitt ár fjárveitingu til kaupa á dráttarvél fyrir áhaldahús hreppsins“
Sign.

Eyjólfur Sigurðsson og Sigríður E. Konráðsdóttir

Flutningsmenn tillögunar gerðu síðan grein fyrir henni. Í framhaldi af umræðum var tillagan tekin til atkvæðagreiðslu.

Tillagan felld með 4 atkvæðum gegn 3 atkvæðum.

Að loknum umræðum var fyrirbyggjandi tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2013 tekin til atkvæðagreiðslu. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps með áorðnum breytingum var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

8. mál. Þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árin 2014-2016
Gögn verða sérstaklega send út í tölvupósti og einnig dreift á fundinum.

Lögð fram til fyrri umræðu þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta ásamt greinargerð sveitarstjóra með áætluninni.

Sveitarstjóri gerði síðan grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og í máli hans kom m.a. fram að:

“Áætlun þessi tekur mið af því að stigin hafa verið stór skref í niðurgreiðslu lána sveitarfélagsins. Í fjárhagsáætlun ársins 2013 er einnig gert ráð fyrir því að halda áfram á þeirri braut. Af þessum sökum verður rekstrarniðurstaða samstæðunnar betri en ella væri þar sem fjármagnskostnaður lækkar verulega. Þriggja ára áætlun sýnir að áfram skal halda á þessari braut. Hreint veltufé frá rekstri verður á bilinu 161,2 m.kr. til 171,0 m.kr. á tímabili áætlunarinnar, sem er 23,3 %-24,3 % af heildartekjum, sem verður að teljast ásættanlegt.

Öll árin 2013-2016 er gert ráð fyrir að hreint veltufé frá rekstri dugi vel fyrir öllum fjárfestingum og niðurgreiðslu þeirra lána sem greiða þarf niður. Á árinu 2013 verður þó ráðist í miklar fjárfestingar, sem brýnt er að vinna, enda margt setið á hakanum frá efnahagshruninu 2008. Það ár verður gengið á handbært fé til þess að brúa það fjármagn sem vantar uppá að hteint veltufé dugi til. Ekki er áætlað að nein ný lán verði tekin á tímabilinu 2013- 2016. Miðað við lánamassa sveitarfélagsins eins og hann er í dag eru afborganir ársins 2013 50,8 m.kr. ársins 2014 50,7 m.kr. og ársins 2015 48,0 m.kr. og ársins 2016 41,4 m. kr.

Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir að fjárfestingar á næsta ári verði um 22,1 % heildartekna og að um það bil 10 % heildartekna gangi til fjárfestinga á áætlunartímabili þriggja ára áætlunar 2014-2016.

Svigrúm sveitarfélagsins til ýmisra aðgerða er þó töluvert mikið meira þar sem handbært fé er verulega jákvætt allt tímabilið og er 301,9 m.kr. í árslok 2016. Af þessu sést að svigrúm sveitarfélagsins til frekari fjárfestinga eða fjárfrekra aðgerða er talsvert umfram það sem ráðgert er. Auk þess væri mögulegt að greiða lán hraðar niður en áætlunin sýnir.

Með þessu móti er farin varfærin leið og miðað við að eiga borð fyrir báru komi upp óvænt útgjöld, sem ekki eru fyrir séð eða ef forsendur fjármála þjóðarskútunnar bresta eins og við erum brennimerkt af eftir fjármálakrísuna sem við höfum upplifað frá árinu 2008.

Í ársreikningi 2011 voru skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins

114,5 % af heildartekjum, sem er vel undir þeim viðmiðunarmörkum sem sveitarfélögum eru sett í nýjum sveitarstjórnarlögum en þar er miðað við að þetta hlutfall megi helst ekki fara yfir 150 % markið. Mörg sveitarfélög eru langt yfir þessu marki og í nýju sveitarstjórnarlögunum er gefinn 10 ára aðlögunartími fyrir sveitarfélögin að ná því að fara niður í eða niður fyrir þetta mark. Hér er gengið mun hraðar til verks og áætlað er að á árinu 2012 verði þetta hlutfall komið í 108,4 % og lækki síðan í 93,2 % 2013, 85,8 % 2014, 78,4 % 2015 og verði í lok tímabils 2016 71,9 %.

Árangur af þessu tagi gefur sveitarfélaginu verulegt andrými inn í framtíðina til þess að sinna skyldum sínum vel og sjá til þess byggja upp og viðhalda mannvirkjum sveitarfélagsins með ásættanlegum hætti án þess að taka lán. Stefna sú sem sett er fram í áætluninni mun til lengri tíma litið skila betri og meiri þjónustu til íbúanna en áður hefur verið unnt að veita. Gleðilegt er að geta nýtt fjármuni sem áður fóru í fjármagnskostnað til þess að byggja upp betri þjónustu við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu.”

Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að þriggja ára áætlun sveitarfélagsins yrði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn 6. des. nk.

Að afloknum umræðum þar sem sveitarstjóri svaraði fyrirspurnum fundarmanna var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum að vísa fyrirbyggjandi tillögu að þriggja ára áætlun sveitarfélagsins til síðari umræðu til samræmis við fyrirbyggjandi tillögu sveitarstjóra þar um.

9. mál. Bréf Jóhannesar Ásgeirssonar frá 29. okt. sl. f.h. eiganda snyrtistofnunnar Hafblikis á Vopnafirði.

Lagt fram bréf dags. 29. okt. sl. frá Jóhannesi Ásgeirssyni f.h. Snyrtistofunnar Hafblikis, varðandi smásölu á snyrtivörum og tengdum Vörum. Gerð var grein fyrir þeim kröfum sem fram koma í bréfinu. Jafnframt var gerð grein fyrir samtölum sem átt hafa sér stað milli fulltrúa sveitarfélagsins og eiganda snyrtistofunnar. Fram kom að ákveðið hefur verið að funda með viðkomandi eins fljótt og kostur er.

Samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við fulltrúa fyrirtækisins.

10. mál. Kaupvangur-Umræður- Kosning í sérstaka hússtjórn 3 aðalmenn og jafnmargir til vara. Rætt var um það hvert skyldi vera starfssvið nefndar af þessum toga og hvernig best væri að skipa í hana. Talsvert miklar umræður urðu um þessi mál og hvernig best væri að vinna að framgangi Kaupvangs.

Tillaga kom fram um það að fresta kosningu í nefndina að svo stöddu máli.

Fram komin tillaga var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

11. mál. Navitas bréf dags. 14. nóv., varðandi þjónustu við Drekasvæðið.

Lagt fram bréf dags. 14. nóv. sl., sem Kristinn Pétursson skrifar fyrir hönd Fyrirtækisins Navitas, varðandi þjónustu við Drekasvæðið frá Vopnafirði. Óskar hann eftir fundi með sveitarstjórn til þess að úskýra nánar erindi sitt.

Nokkrar umræður urðu um málið. Í framhaldi var samþykkt að bjóða Kristni að mæta á fund sveitarstjórnar við fyrsta tækifæri.

12. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Aðalfundur skólaskrifstofu Austurlands 23. nóv. nk.

Sveitarstjóri er fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á fundinum.

Að öðru leyti lagt fram til kynningar.

b) Fundargerð heilbrigðisnefndar Austurlands frá 14. nóv. sl.

Lagt fram til kynningar.

c) Fundargerð stjórnar Brunavarna á Austurlandi frá 6. nóv. sl.

Lagt fram til kynningar.

d) Bréf frá 29. okt. Sl. varðandi styrk til útgáfu a CD og DVD í tilefni aldarafmælis Sigurðar Þórarinssonar Jarðfræðings.

Samþykkt að veita 50 þús. kr. styrk til útgáfunnar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.10